

Nd.

80. Frumvarp til laga

[78. mál]

um breytingu á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson, Ingólfur Guðnason.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltekur gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki verður um það deilt, að mjög er óeðlilegt að ríkið hagnist á söluskatti af þeim kostnaði sem sveitarfélög verða fyrir vegna snjómoksturs.

Þessi skattheimta kemur mjög ójafnt niður á sveitarfélögin, og ekki verður séð að sámandi sé að nota erfiðleika, sem skapast vegna ótíðar, sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er reynt að jafna að nokkru skilyrði til búsetu hvar sem er á landinu.

Á 104. löggjafarþingi kom fram frumvarp um endurgreiðslu söluskatts af snjómokstri af götum í þéttbýli, flutningsmenn Hannes Baldvinsson og Skúli Alexandersson. Það frv. náði ekki fram að ganga, enda gekk það of skammt og mismunaði sveitarfélögunum þar sem mörg þeirra voru skilin útundan.